

**From:** [Linda Olafsdottir](#)  
**To:** [Lára Aðalsteinsdóttir](#)  
**Subject:** Re: Til Fyrirmyndar - Tilnefning í dómnefnd Barnabókaverðlauna Reykjavíkurborgar  
**Date:** mánudagur, 16. nóvember 2020 10:22:16

---

Sæl og blessuð!

Okkar fulltrúi, Karl Jóhann er tilbúinn að taka hlutverkið að sér aftur í ár, svo við tilnefnum hann. Þið verðið þá væntanlega í bandi við hann með framhaldið. Ég er einmitt að vinna í því að græja netfang í gegnum Félag íslenskra teiknara, mun faglegra að hafa þetta þannig. Sendi það á þig þegar það er komið :)

Kærar kveðjur,  
Linda

fös., 13. nóv. 2020 kl. 10:17 skrifaði Lára Aðalsteinsdóttir  
<[Lara.Adalsteinsdottir@reykjavik.is](mailto:Lara.Adalsteinsdottir@reykjavik.is)>:

Heil og sæl.

Óskað er tilnefningar frá félaginu Fyrirmynd í dómnefnd Barnabókaverðlauna Reykjavíkurborgar 2021. Dómnefndin verður skipuð auk fulltrúa frá Fyrirmynd, fulltrúa RSÍ, og fulltrúa tilnefndum af Reykjavík Bókmenntaborg Unesco og tveimur fulltrúum frá skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar.

Gert er ráð fyrir að dómnefndin sé við störf frá desember 2020 til síðasta vetrardags 2021, þegar verðlaunin verða afhent. Reykjavíkurborg greiðir fyrir setu í dómnefndinni.

Vinsamlegast skilið inn tilnefningu fyrir 1. desember ef mögulegt er. Athugið að skv. verklagsreglum getur Fyrirmynd tilnefnt sama aðila og sat í dómnefndinni síðast og má sami aðili sitja þrjú ár samfellt.

Fulltrúi Fyrirmyndar árið 2020 var Karl Jóhann Jónsson.

kær kveðja, Lára

p.s. kæra Linda vinsamlega komdu þessi í farveg hjá ykkur – og fyrir framtíðina er fyrirmynd með netfang til að senda á eða er það bara formaður félagsins sem tekur við erindum?

Lára Aðalsteinsdóttir  
Verkefnastjóri / Project Manager

Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO / Reykjavík UNESCO City of Literature

Ráðhús Reykjavíkur / Reykjavík City Hall  
Tjarnargata 11, 101 Reykjavík  
Tel: (354) 411 6028 / (354) 664 0494



[lara.adalsteinsdottir@reykjavik.is](mailto:lara.adalsteinsdottir@reykjavik.is)  
[www.bokmenntaborgin.is](http://www.bokmenntaborgin.is) / [www.cityofliterature.is](http://www.cityofliterature.is)

---

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.